
**Efnistaka af hafsbótnei í Reyðarfirði vegna stækkunar
Mjóeyrarhafnar Fjarðabyggð
Ákvörðun um matsskyldu**

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að efnistaka af hafsbótnei í Reyðarfirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háðar leyfi Orkustofnunar, skv. 2. gr laga nr. 73/1990..

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Fjarðabyggð og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á áðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 24. apríl 2015.



Skipulagsstofnun

20. mars 2015

INNGANGUR

Þann 29. október 2014 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Fjarðabyggð um fyrirhugaða efnistöku á sex svæðum af hafsbotni í Reyðarfirði samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 2 a í 2. viðauka laganna. Skipulagsstofnun veur athygli á að þann 15. desember sl. voru samþykkt á Alþingi lög nr. 138/2014 sem eru breytingar á lögum nr. 106/2000 og voru lögin birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 30. desember 2014. Þar sem tillaga framkvæmdaraðila barst Skipulagsstofnun fyrir gildistöku breytinganna eiga ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum við eins og þau hljóðuðu fyrir gildistöku.

Þann 10. mars 2015 tilkynnti framkvæmdaraðili um breytingu á framkvæmd til að bregðast við umsögn Hafrannsóknastofnunar og Orkustofnunar. Breytingin fól í sér að fækka efnistökusvæðum í eitt í stað sex áður.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar, með bréfum dags 5. nóvember 2014 og í kjölfar breytinga á tilhögun framkvæmdar óskaði stofnunin frekari umsagna dags 3. Febrúar 2015.

Umsagnir bárust frá Fiskistofu með bréfi dags. 18. mars 2015, Hafrannsóknastofnun með bréfum dags. 19. janúar 2014 og 5. mars 2015, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 18. nóvember 2014, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 21. nóvember 2014, Orkustofnun með bréfi dags. 24. nóvember 2014, Samgöngustofu með bréfi dags. 11. desember 2014 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 26. nóvember 2014. Frekari upplýsingar bárust frá Fjarðabyggð með bréfum dags. 8. desember 2014 og 3. febrúar og 19. mars 2015.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Eftir breytingu á upphaflegum framkvæmdaáformum er nú gert er ráð fyrir efnistöku á einu svæði á Marbakka við leirur Sléttuár við botn í Reyðarfjarðar. Gert er ráð fyrir að dæla upp allt að 46.000 m³ af efni. Fyrirhugað efnistökusvæði er 49.500 m² að flatarmáli.

Áhrif á gróður og dýralíf. Fram kemur að framkvæmdaraðili telur út frá þeim athugunum sem gerðar voru við mat á umhverfisáhrifum við álver og höfn við Hraun í Reyðarfirði að efnistakan muni ekki hafa veruleg áhrif á gróðurfar og dýralíf á strönd eða í sjó. Dæling efnis af sjávarbotni muni raska lífríki botns. Ekki sé vitað til þess að á umræddum efnistökusvæðum séu sjaldgæfar tegundir eða mikilvægar varp- eða uppeldisstöðvar fugla eða annarra dýra.

Áhrif á verndarsvæði. Fram kemur að ekki séu minjar á náttúruminjaskrá á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur ekki séu þekktar neinar fornminjar eða menningarverðmæti sem verði í hættu vegna framkvæmdarinnar.

Sjónræn áhrif. Fram kemur að sjónræn áhrif vegna sjódælingar verði minniháttar, því efni verði dælt af hafsbotni.

Heildaráhrif. Fram kemur það mat framkvæmdaraðila að helstu umhverfisáhrif vegna efnistöku af sjávarbotni verði röskun á botni efnistökuastaðar.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fram kemur í umsögnum Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar. Það álit að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að með fyrirhugaðri framkvæmd sé gert ráð fyrir að raska stórum botnfleti við ósa Sléttuár. Fyrirhuguð efnistaka geti haft verulega áhrif á fæðuframboð fyrir bleikju í Sléttuá og þar með viðgang stofnsins í ánni. Því telji Fiskistofa að framkvæmdin eins og hún hefur verið kynnt, þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að áætlað sé að hefja efnistöku nyrst á fyrirhuguðu efnistökusvæði og telur framkvæmdaraðili að ekki verði þörf á að nýta allt svæðið til efnistöku. Ennfremur leggur framkvæmdaraðili til að efnistaka fari fram á þeim tíma árs sem Fiskistofa telur æskilegastan með tilliti til áhrifa á bleikjustofns Sléttuár.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að stofnunin gerir ekki athugasemdir við efnistöku á svæðinu fyrir botni Reyðarfjarðar þar sem gera má ráð fyrir stöðugum efnisframburði og miklum breytileika í botngerð.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að áhrif fyrirhugaðrar efnistöku á lífríki hafsbots verði óveruleg vegna þess að botn er víða laus og óstöðugur og lífríki eins og víða tíðkast þar sem svipað háttar til. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða efnistöku af hafsbotni af einu svæði fyrir botni Reyðarfjarðar. Svæðið er sem um ræðir er að norðanverðu við botn fjarðarins í nánd við vöruflutningahöfn og iðnaðarsvæði. Áætlað heildarmagn efnis er allt að 46.000 m³. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum sbr.lið 2.03 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Skipulagsstofnun veur athygli á að þann 15. desember sl. voru samþykkt á Alþingi lög nr. 138/2014 sem eru breytingar á lögum nr. 106/2000 og voru lögin birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 30. desember 2014. Þar sem tillaga framkvæmdaraðila barst Skipulagsstofnun fyrir gildistöku breytinganna eiga ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum við eins og þau hljóðuðu fyrir gildistökuna.

Um er að ræða framkvæmd sem tekur til afmarkaðs svæðis, áætlað er að hefja efnistöku nyrst á svæðinu, fjærst ósum Sléttuár og óvíst er hvort ráðist verði í efnistöku á öllu svæðinu. Skipulagsstofnun telur að helstu áhrif framkvæmdar verði á botndýralíf á og í næsta nágrenni við fyrirhugað efnistökusvæði þar sem dæling efnis af sjávarbotni muni raska lífríki botns. Áhrifin verði staðbundin og geti orðið nokkuð neikvæð. Að auki getur framkvæmdin haft áhrif á fæðuframboð bleikju í Sléttuánni, en tímasetning efnistöku hefur þar áhrif auk þess hvar þungi efnistökkunnar verður á svæðinu. Með hliðsjón af umsögn Fiskistofu leggur Skipulagsstofnun áherslu á að framkvæmdaraðili leitist við að raska sem minnstu svæði við efnistöku til að lágmarka áhrif á sjávarbotn og þar með áhrif á bleikjustofn Sléttuár og að tímasetning efnistöku verði ákveðin í samráði við Fiskistofu.

Skipulagsstofnun veur athygli á að komi til þess að framkvæmdaraðili fyrirhugi að nýju að sækja um leyfi til vinnslu af fleiri efnistökusvæðum í Reyðarfirði þarf hann áður að leggja

fram tilkynningu um þær framkvæmdir til Skipulagsstofnunar skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Fjarðabyggð og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á áðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð leyfi Orkustofnunar skv. 2. gr laga nr. 73/1990, með síðari breytingum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 24. apríl 2015

Rut Kristinsdóttir



Valur Klemensson

Skipulagsstofnun